

Stjórnarfundur nr. 7 - 26. nóvember 2013 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Jóna Th Viðarsdóttir, Arinbjörn Friðriksson, Herdís Hallmarsdóttir, Brynja Tomer og Delia Howser.

Dagskrá:

1. Skýrsla frá framkvæmdastjóra HRFÍ

845. hundar voru skráðir til þáttöku á alþjóðlegri sýningu félagsins 16-17.nóv sl. hjá fimm erlendum dómurum og einum íslenskum og gekk sýningin vel fyrir sig. 258. hundar mættu í augnskoðun þessa sömu helgi og þar af greindust 4. hundar greindust með augnsjúkdóma sem leiða til ræktunarbanns en í heildina voru skráðar sextíu athugasemdir, misalvarlegar þó. Í sparnaðarskyni var ákveðið að í stað þess að vera með tvo lækna í 2.daga að vera frekar með einn dýralækni í þrjá daga og kom það vel út og sparaðist með því flug og gisting fyrir einn dýralækni. Áætlað er að gera þetta þannig framvegis og með því gætum við aukið um eina augnskoðun á ári og bætt þannig þjónustuna við okkar félagsmenn, en samt sparað. Ég sé fyrir mér augnskoðun á ca. 3 mánaða fresti, með mismunandi dýralæknum þannig að við getum alltaf fengið álit annars læknis næst ef einhverjar spurningar vakna hjá fólki. Tvær til þrjár þeirra væri gott að hafa í kringum sýningar og eina til tvær á öðrum tíma árs.

Hugmynd er um við höfum uppskeruhátíðina okkar laugardagskvöldið 25.janúar eða sama dag og hvolpasýningin verður í Korputorgi. Með því getum við komið á móts við landsbyggðina og fólk nýtt sér ferðina og tekið þátt í báðum viðburðunum. Mig langaði að hafa þetta með svipuðu sniði og í fyrra nema með mögulega léttari mat. Þrír stigahæðstu ræktendur ársins yrðu heiðraðir. Guðný Vala í St.Bernardsdeild hefur boðið fram aðstoð sína í að leita til fyrirtækja með verðlaun í happdrættið og ég mundi þiggja hjálp frá stjórn með uppsetningu á húsnæðinu og nánari skipulagningu, líkt og í fyrra.

2. Fulltrúaráðsfundur

Dagskrá send á ræktunarstjórnir þriðjudaginn 19. nóvember:

Fréttir frá skrifstofu

Stefnumótun

Önnur mál

3. Ra ehf.

Fundargerð aukafélagsfundar.

Fyrirspurn frá félagsmanni varðandi eingreiðslu.

Skil á eingreiðslu og staða á bankareikningi.

Yfirdrátturinn sem var tekin hefur verið felldur niður og við erum í dag í rétt rúmlega 500.000 í plús í dag og reikna má með að annað eins muni koma inn til viðbótar. Um áramót verður allt sem hefur safnast umfram (eftir kostnað) lagt inná höfuðstól skuldabréfs á 1.veðrétt, eins og samþykkt var á aukafélagsfundum.

Ákvarðanir með framtíð húsnæðis félagsins, Síðumúla 15 verður skoðað strax eftir áramót.

4. Veiðiprófsreglur með breytingum eftir fund þann 16. október með forsvarsmönnum ræktunardeilda í tegundahópi 7. Fylgiskj. A-2648

Samþykkt.

5. Erindi frá félagsmanni. Tölvupóstur 19. nóvember.

Þar sem í erindi félagsmannsins er afar persónulegt og stjórn þykir ekki efni að leita andsvara við þeim fullyrðinum sem koma þarna fram þykir ekki rétt að birta fylgiskjalið með fundagerð. Málinu vísað frá þar sem stjórn telur ekki um brot á starfsreglum ræktunardeilda og vísar þessu til deildarinnar.

6. Erindi frá Veiðiprófanefnd. Tölvupóstur 31. október.

Frestað til næsta fundar.

7. ISIC fundur í Kaupmannahöfn 25.-27. október. Skýrsla frá DÍF. Fylgiskj. A-2649

8. Erindi frá formanni FCI – Gæðakönnun

Stjórn vann sameiginlega að gæðakönnun frá FCI um hverjar væru áherslur félagsins í ýmsum málum.

9. Sólheimakot - Erindi frá Sólheimakotsnefnd í tölvupósti 13. nóvember.

Stjórn fór yfir breytingatillögur Sólheimakotsnefndar og sá ekki þörf á að gera breytingar á reglugerð um rekstur og viðhald Sólheimakots sem tók gildi 1.nóvember sl.

10. Önnur mál